

## Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Sandgerðisbæjar

1. Bæjarstjórn Sandgerðisbæjar getur útnefnt hvern þann íbúa, fyrrverandi sem núverandi, sem heiðursborgara Sandgerðisbæjar.
2. Við val á heiðursborgara skal hafa í huga m.a.
  - a) Störf viðkomandi hafi haft veruleg jákvæð áhrif á samfélagið.
  - b) Störf og framgangna hafi verið til fyrirmyndar og til eftirbreytni.
  - c) Jákvæða ímynd bæði innan Sandgerðisbæjar sem utan.
3. Bæjarstjórn skal vera einhuga við val á heiðursborgara.
4. Bæjarstjórn skal fara með val á heiðursborgara sem trúnaðarmál fram að heiðrun viðkomandi, þó skal nánustu ættingjum væntanlegs heiðursborgara gert kunnugt um valið.
5. Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða á stórafmæli viðkomandi.
6. Heiðursborgari fær skrautritað innrammað skjal undirritað af öllum bæjarfulltrúum til staðfestingar. Á skjalinu kemur fram nafn viðkomandi, dagsetning fundar bæjarstjórnar, undirritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.
7. Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Sandgerðisbæ sem slíkur.
8. Bæjarstjórn hefur eftirfarandi skyldur/heimild gagnvart heiðursborgara:
  - a) Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Sandgerðisbæjar.
  - b) Heldur nafni/nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
  - c) Er heimilt samkvæmt fjárhagsáætlun að veita heiðursborgara sérstakt framlag.
9. Bæjarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í bæjarstjórn/sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt á 344. fundi bæjarstjórnar 15. apríl 2014